

Viðhengi 1:

Ákvörðunartól (e. decision aid)

Gátlisti fyrir fundi SNL og handleiðara fyrir hvert ár í sérnámi.

	Hverjum fundi	3. hver mánuður	6. hver mánuður	Árlega	Athugasemdir
Hvað vilja SNL og leiðbeinandi ræða?	x				
Endurgjöf á framgang	x				
Dagsetning og markmið næsta fundar?	x				
Yfirferð ákveðins áfanga í marklýsingu		x			
Yfirferð íslenska aðgerðarlistans		x			
Yfirferð matsblaða (mini-cex, DOPS, CBD)		x			*
Samskipti við sjúklinga, aðstandendur og samstarfsfólk?		x			
Hvernig gengur handleiðslan?		x			
Álag hæfilegt - vandamál?		x			
Skipulagðir kúrsar og næsta rótation			x		
Rannsóknar- og gæðaverkefni			x		**
Kennsla, erindi og handleiðsla læknanema og annarra heilbrigðisstétta			x		***
Yfirferð á námsáætlun (personal educational plan)				x	
Sérfræðimat eða 360 gráðu mat				Annaðhvert ár	****
Próf í bæklunarskurðlækningum				Annaðhvert ár	staðið

* Matsblöð: Mini-cex amk eitt fyrir hverja rótation, DOPS æskilegt fyrir helstu aðgerðartýpur (lokuð rétting, ORIF efri/neðri útlím s.s. volarplata úlnlið, einfaldur ökkli, LIH, DHS og gammanagli) og fyrir hverja klíniska skoðun á fyrstu 2 árum í sérnámi. CBD amk einu sinni á ári.

** Gæðaverkefni telst ýmist eiginlegt gæðaverkefni eða að taka að sér starf umsjónar sérnámslæknis, vinna við klínískar leiðbeiningar eða annað sambærilegt. SNL skal ljúka einu rannsóknarverkefni á meðan sérnámi stendur.

*** SNL skiptast á að vera ábyrg fyrir skipulagðri kennslu, greinafundum eða föstudagsfræðslu amk árlega. Þátttaka í skipulagðri kennslu fyrir SNL er amk 70%.

**** Sérfræðimat eða 360 gráðu mat skal fara fram eftir um 1,5 ár í starfi og amk einu sinni á fyrstu 2 árum í sérnámi. Annaðhvert ár eftir það.

Ákvörðunartólið heldur utan um þau markmið sem SNL þarf að ná fyrir viðunandi árlegan framgang. Skjalið er einnig til leiðbeiningar fyrir sérnámslækni og leiðbeinanda varðandi skipulag og fundarefni hverju sinni. Það er á ábyrgð SNL að halda utan um alla skráningu og leggja fyrir þau gögn sem þarf, s.s. matsblöð, aðgerðarlista. Það er á ábyrgð leiðbeinandi ásamt kennslustjóra að halda utan um endurgjöf eftir sérfræðiálit eða 360 gráðu mat. Eftirfarandi hæfni atriði verða metin en ekki skrásett sérstaklega. Sögutaka og skráning í sjúkraskrá ásamt tímastjórnun í daglegu starfi.